

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

1. gr.

Orðin „viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. 3. gr. falla brott.

2. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 3. mgr. 3. gr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 4. og 7. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 15. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. 9. gr. og tvívegis í 2. mgr. 14. gr. kemur: sveitarstjórn.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 43. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026